

Stjórnarfundur FHD 17. ágúst

Fundur haldinn að Bjarmalandi 6 mánudaginn 17. ágúst 2020. Fundur settur kl. 18 og lauk 19.30. Fundinn sátu Bragi Valur Egilsson, Jón Ásgeir Einarsson, Kristín Jónasdóttir og Unnur A. Unnsteinsdóttir.

Efni fundar:

Áfangafellsprófið

Tekin ákvörðun um að athuga með að fá annan íslenskan dómara á prófið og hugsanlega halda það sem UF/OF föstudag og laugardag og KF á sunnudegi

Skoða þarf gistimöguleika og þá hvort hægt sé að afpanta með stuttum fyrirvara án tilkostnaðar í ljósi covid

Send verður fyrirspurn á stjórn HRFÍ til að fá álit þeirra á því að halda viðburð úti á landi

Starfsemi deildarinnar

Auglýst verður eftir sjálfboðaliðum í nefndir deildarinnar

Ef ekki fæst í ákveðnar nefndir verða þær lagðar niður

Stjórn HRFÍ hefur sérstaklega óskað eftir einum fulltrúa í sýninganefnd félagsins

Upplýsingar á heimasíðu FHD

Mikið af ganglegum upplýsingum á vef deildarinnar en komnar eru inn nokkrar nýjar tegundir sem vantar inn upplýsingar um. Ákveðið að leita til tengiliða tegunda um að þeir taki að sér að setja fram upplýsingar um tegundirnar byggðar á samantekt FCI ásamt ýmsum fróðlegum upplýsingum, hlekkjum á síður og myndum

Rætt að yfirfara hlutverk nefnda og hvort tilefni sé til endurskoðunar á þeim

Um tíma var skráður inn sýningarárangur hunda í gagnagrunninn og var fjallað um hvort byrja ætti á því aftur. Eins og gefur að skilja er hýsingarkostnaður eitthvað sem þarf að horfa til sérstaklega og í ljósi þess að upplýsingarnar eru nú aðgengilegar í nýju sýningarkerfi HRFÍ var tekin ákvörðun um að skrá þær ekki í gagnagrunn FHD

Önnur mál

Stjórn tók fyrir erindi sem barst frá Dagfinni Ómarssyni og sendi honum svör við fyrirspurnum sínum